

Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins við umræðu um framtíðarþjónustu við eldra fólk í Reykjavík

Hvernig viljum við sjá þjónustuna þróast, stefnur, áherslur og hver verður þörfin og hvernig viljum við sjá þjónustu við aldraða þróast?

Flokkur fólksins hefur lagt fram fjölda tillagna til að bæta þjónustu við eldra fólk í Reykjavík, bæði þá sem eru á hjúkrunarheimilum og sem búa heima. Einnig hafa verið lagðar fram tillögur um að fjölga þjónustupáttum við eldra fólk sem býr heima.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins mun ræða sérstaklega um stuðningsþjónustu og nýjar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fullorðið fólk.

Stoð- og stuðningsþjónusta er annars vegar praktísk og hins vegar sálfélagslegur stuðningur. Borgarfulltrúi Flokks fólksins mun ræða aðstoðina sem þjónustuþeginn þarf. Sú þjónusta á að koma auðveldlega til þjónustuþegans að mati Flokks fólksins og um hana á aldrei að þurfa að vera barátta eða ágreiningur. Áður en þjónustan hefst er gert mat á stuðningsþörf. Flokkur fólksins bendir á að þörf á stuðningi getur breyst hratt. Sem dæmi getur eldri einstaklingur verið metinn á einhverjum tímapunkti að hann geti farið út með rusl, skipt á rúmi eða hengt upp þvott. En það getur breyst í einu vettvangi. Reynslan á mati er að oft líður langt á milli matsins. Helst þyrfti að vera árlegt mat og jafnvel oftar eftir atvikum. Bæði sjón, heyrn og hreyfing breytist árlega eins og gengur þegar komið er á þennan aldur. Kvartanir hafa borist til borgarfulltrúa um að eftir að reglum var breytt hefur fólk verið ætlað að gera hluti sem það hefur ekki lengur getu til. Þetta þarf að skoða og ræða opinskátt.

Ef það að búa heima á að vera alvöru kostur þarf að bæta ýmsum nýjum þjónustupáttum við og hefur fulltrúi Flokks fólksins lagt fram tillögur að hugmyndum um nýja þjónustupætti. Þjónusta þarf einnig að vera um helgar og á rauðum dögum ef þess er þörf en dæmi er um að miklir erfiðleikar hafa verið að fá t.d. aðstoð við böðun lendi þjónustan á rauðum degi.

Í nýrri rannsókn Berglindar Blöndal á aðstæðum aldraðra kemur fram að þunglyndi og einmanaleiki einkenndi þátttakendur rannsóknarinnar og voru sumir einnig vannærðir. Fleiri rannsóknir hafa sýnt að þunglyndi og einmanaleiki einkenna þennan viðkvæma hóp sem gefur til kynna að hlúa þurfi vel að honum. Einmanaleiki háir sérstaklega þeim sem búa einir. Sumir eldri borgarar sem búa einir eiga ekki ættingja eða vini sem þeir geta leitað til eftir aðstoð með þætti sem þjónusta velferðarsviðs býður ekki upp á. Þessi hópur er einnig sennilega sá sem minnst er tæknivæddur og ekki allir nota þá velferðartækni sem er þó í boði og hefur vissulega gagnast mörgum.

Ein tillaga frá fulltrúa Flokks fólksins um að koma á laggirnar sálfélagslegu meðferðarúrræði fyrir eldri borgara á hjúkrunarheimilum og í heimahúsum til að draga úr einmanaleika og notkun geðlyfja vegna dapurleika, kvíða og einmanaleika var vísað til velferðarráðs með öllum greiddum atkvæðum á fundi borgarstjórnar 2. febrúar 2021. Þar var tillagan felld. Líðan eldra fólks er misgóð enda aðstæður þeirra mismunandi. Huga þarf að hverjum og einum út frá einstaklingsþörfum og áhuga.

Hér að ofan er brot af þeim atriðum sem borgarfulltrúi Flokks fólksins vill ræða undir þessum lið á fundi borgarstjórnar 21. Desember.